

AUGLÝSING
um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun
fólkvangsins í Glerárdal, Akureyrarkaupstað.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis- og auðlinda-ráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir fólkvanginn í Glerárdal, Akureyrarkaupstað. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013.

1. gr.

Ekki er leyfilegt að nota tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi, húsbíla og annan sambærilegan búnað innan marka fólkvangsins.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 26. október 2018.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

B-deild – Útgáfud.: 15. nóvember 2018